


Samstarfssamningur milli  
Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS)  
og Grunnskóla Hornafjarðar (GH) um framhaldsskólanám á  
grunnskólastigi


- Markmið samningsins er að gefa nemendum GH kost á að hefja nám á framhaldsskólastigi áður en þeir hafa lokið grunnskólanámi.
- Fyrir lok skóla um vorið ár hvert skulu stjórnendur skólanna koma sér saman um hvaða áfangar verði í boði fyrir nemendur GH næsta vetur þar á eftir og í hvorum skólanum áfanginn verði kenndur.
- Nám innan ramma þessa samkomulags er fullgilt framhaldsskólanám.
- Nemendur GH geta stundað nám í áföngum sem kenndir eru í FAS og skal þá eftir föngum gera þeim kleift að sækja tíma í þeim áföngum. Hafa skal samráð um stundtöflugerð til að auðvelda nemendum að sækja tíma í FAS.
- Í kennsluáætlun þeirra áfanga sem nemendur GH sækja í FAS skal útfæra nánar fyrirkomuleg náms og kennslu hvað þá varðar. Skólastjórnendur hvors skóla fá afrit af kennsluáætlunum.
- Grunnskóli Hornafjarðar og FAS geta gert með sér samkomulag um að tilteknir áfangar á framhaldsskólastig verði kenndir í GH. FAS hefur þá yfirumsjón með námskröfum, lokaprófi og lokaekinnun en GH sér um kennslu og námseinkunnargjöf í þeim áföngum. Miðað skal við að tekin séu lotupróf í áfanganum og að nemendur þurfi að ná 7 í einkunn í hverju til að geta haldið áfram í honum.
- Nemendur GH þurfa ekki að greiða skólagjöld fyrir ofangreint nám í FAS.
- Samningurinn gildir til árs í senn en endurnýjast sjálfkrafa ef ekki eru gerðar á honum breytingar eða honum sagt upp fyrir apríllok ár hvert.

Dagsetning: 9.9. 2009

Fyrir hönd  
Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Fyrir hönd Grunnskóla Hornafjarðar

  
Eyjólfur Guðmundsson

  
Guðmundur Ingi Sigbjörnsson